

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík
mar@mar.is



Reykjavík 09.01.2024

Efni : Frumvarp til laga um lagareldi

Hinn 22.12.2023 birti matvælaráðherra drög að frumvarpi til laga um lagareldi til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda. Markmið laganna er að skapa lagareldi á Íslandi skilyrði til verðmætasköpunar innan ramma sjálfbærar nýtingar og vistkerfisnálgunar að leiðarljósi.

Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SAF – Samtaka ferðapjónustunnar og vilja samtökin koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Síðustu árin hefur afar miklum tíma og fjármunum verið veitt í að byggja upp og viðhalda orðspori Íslands sem leiðandi samfélagi sem byggir hagvöxt á náttúrulegum auðlindum og sjálfbærri nýtingu þeirra. Líkt og með aðrar útflutningsgreinar eru þessir þættir eru veigamiklir í öllu kynningarefni íslenskrar ferðapjónustu en kannanir sýna að helsta aðdráttarafl áfangastaðarins Íslands er íslensk náttúra. 97% ferðamanna segjast heimsækja Ísland vegna náttúrunnar og 87% vegna náttúrutengdrar afþreyingar.¹ Augljóst er að upplifun af náttúru er gríðarlega veigamikill þáttur í ákvörðunartöku og væntingum þeirra ferðamanna sem hyggjast sækja landið heim.

Íslensk ferðapjónusta er í stöðugri samkeppni við aðra áfangastaði víðs vegar um heiminn og neikvæð umfjöllun getur haft verulega neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu Íslands sem áfangastaðar. Sér í lagi ef sú umfjöllun snýr að slælegri umgengni um okkar helsta aðdráttarafl, náttúruna.

Stangveiði er eftirsótt afþreying innan ferðapjónustu á Íslandi. Stangveiði hefur verið stunduð á Íslandi frá lokum 19. aldar og er því löng hefð fyrir slíkri ferðapjónustu á Íslandi. Á Íslandi eru rúmlega 2250 býli sem treysta að einhverju leiti á tekjur af laxveiðiám. Samkvæmt greiningu Hagfræðistofnunar er áætlað að stangveiðimenn hafi greitt tæplega 5 ma. kr. fyrir veiðileyfi árið 2018 og reikna má með því að sú tala sé nú orðin töluvert hærri þar sem eftirspurn hefur aukist mjög

¹ Samkvæmt könnun Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna
<https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/utgafur/nyjustu-utgafur/samsetning-ferdamanna-ferdahegdun-og-upplifun-konnun-ferdamalastofu-medal-erlendra-ferdamanna-mai-desember-2022>

síðustu árin.² Að viðbættum öðrum kostnaði innlendra og erlendra veiðimanna og fjárfestingar rekstraraðila s.s. í veiðihúsum, uppbyggingu á veiðisvæðum o.s.frv. má rekja yfir 11 ma. kr. beint til lax- og silungsveiði árið 2018. Þá má einnig benda á að margir þeirra ferðamanna sem stunda lax- og silungsveiði koma til landsins reglulega, sumir hverjir árlega, en auknar endurkomur erlendra ferðamanna hefur verið ein af helstu áherslum íslenskrar ferðaþjónustu í gegnum árin.

Samtök ferðaþjónustunnar lýsa verulegum áhyggjum af þeim afleiðingum slægra vinnubragða, eftirlits og umgengni í laxeldi sem komu í ljós í veiðiám á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi, er kynproska lax hóf að ganga upp í þekktar stangveiðiár með tilheyrandi neikvæðri upplifun stangveiðimanna og í framhaldi neikvæðrar erlendrar fjölmiðlaumfjöllunar. Slíkt má og á ekki gerast og SAF leggja áherslu á að stjórnvöld vinni ötullega að því að koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur.

SAF benda á að uppbygging í öðrum atvinnugreinum getur haft margvísleg áhrif á uppbyggingu og tekjur samfélagsins af ferðaþjónustu, t.d. á upplifun og þarf af leiðandi orðspor Íslands. Þetta á sérstaklega við þegar um er að ræða atvinnustarfsemi sem nýtir eða hefur áhrif á nýtingu náttúruauðlinda eða náttúruupplifun. Þetta þarf að hafa í huga þegar unnið er að skipulagi og leyfisveitingum fyrir sjókvíald. Tryggja þarf að lagaramminn ýti undir öflugra ferla sem draga úr neikvæðum áhrif á umhverfi, nærsamfélag og aðrar atvinnugreinar og komi í veg fyrir umhverfisslys lík og við höfum orðið vitni af síðustu árin. Stöðugar fréttir af brotalömur í innra eftirliti sjókvíaldis eru skaðlegar orðspori og vörumerki Íslands. Notum tækifærið og lærum af reynslunni, bæði okkar og annarra sem þjóða þar sem sjókvíald er stundað.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,



Jóhannes Þór Skúlason
Framkvæmdarstjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

² Hagfræðistofnun; skýrsla nr. C18:07; Virði lax- og silungsveiða; <https://ioes.hi.is/files/2021-05/Virdi-lax-og-silungsveida.pdf>